Amtið hefir þann 23 þ.m. skrifað mjer þannig:

„Fyrrum apothekari Oddur Thorarensen hefir 11 þ.m. skrifað amtinu á þessa leið:

Eg hefi haft meðalasölu á Akureyri í um 20 ár og á seinni hluta þessa tímabils úthlutað þeim fátækrameðölum, sem af konungssjóði eru veitt til útbýtingar í þessu læknisumdæmi og af reynslunni sjeð að fátækra meðöl þessi optast nær hafa verið uppgengin um miðsumar og aldrei náð til ársloka, mörgum fátækum til meins, sem seinni part ársins hafa orðið sjúkir en ekki haft efni til að fá meðöl keypt. Til þess eptir fátækum efnum um stundarsakir að reyna að bæta úr þessu hefi eg borgað syni mínum apothekara J. P. Thorarensen einsog hjálögð viðurkenning hans sýnir, tvö hundruð ríkisdali, með þeirri ákvörðun, að hann fyrir þessa 200 rd án þess þó þurfa að svara rentu; afhendi fátækum í Eyjafjarðarsýslu meðöl frá apotheki sínu, þegar hin árlegu gjafameðöl eru þrotin, móti sömu attestum sem heimtuð eru við útbýtingu gjafameðalanna. Til að sjá um að ofannefndum 200 rd sje rjettilega varið einsog eg hefi tilætlast, afleggur apothekari J. P. Thorarensen árlega reikning yfir það sem brúkað hefir verið og vona eg að hlutaðeigandi hjeraðslæknir skoði hann og árlega sendi amtmanni skýrslu yfir hvað í hvert sinn eptir óbrúkað.

Um leið og eg tilkynni yður þetta herra sýslumaður til eigin þóknanlegrar vitundar og auglýsingar